

---

**1. LIÐUR: Auðkenni efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins**

---

**1.1 Auðkenni vöru**

Vöruheiti:	BYKO Léttblendi
Lýsing á vöru:	Loftíblöndunarefni fyrir steinsteypu.
Tegund vöru:	Vökvi
Aðrar leiðir til auðkenningar:	Ekki fyrirbyggjandi.

**1.2 Viðeigandi tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá**

Notkunarvið:	Íblöndunarefni
Skilgreind notkun	Samkvæmt leiðbeiningum á umbúðamiða.

**1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins**

Framleiðandi /seljandi:	Málning hf
Aðsetur:	Dalvegur 18
Póstnúmer og staður:	201 Kópavogur
Sími framleiðanda:	580 6000
Tengiliður:	Tæknideild Málningar
Netfang:	<a href="mailto:oryggisblod@malning.is">oryggisblod@malning.is</a>

**1.4 Neyðarsímanúmer**

Neyðarsími: Landspítali Háskólasjúkrahús Eitrunarmiðstöð	543 2222 eða 112
---	------------------

---

**2. LIÐUR: Hættugreining**

---

**2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar**

Skilgreining á vöru: Blanda

[Flokkun samkv. reglugerð \(EB\) Nr. 1272/2008 \[CLP/GHS\]](#)

Skin Irrit.2, H315

Skin Sens. 1, H317

Flokkun samkv. Reglugerð 1999/45/EB (DPD)

Flokkun: Xi; H36/38

Í kafla 16 er að finna heildartexta hættusetninga sem tilgreindar eru hér á undan.  
Sjá kafla 11 til að fá nánari upplýsingar um heilsufarsleg áhrif og einkenni.

**2.2 Merkiðahlutar****Hættumerki:**

Hættuvísending:	VARÚÐ
Hættusetningar:	Veldur húðertingu. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.
Varnaðarsetningar:	Notið hlífðargleraugu. BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu. Geymist þar sem börn ná ekki til.
Hættuleg innihaldsefni:	--
Aðrir hlutar merkimiða:	Á ekki við
<b>2.3 Annars konar hættu</b>	
Aðrar hættur sem leiða ekki til flokkunar	Ekki þekkt.

### 3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

HEITI	AÚÐKENNI	%	F L O K K U N		Gerð
			67/548/EEC	1278/2008 [ CLP]	
Natrium salt af viðarolíu	EB: 266-037-1 CAS: 65997-01-5	2,5- 5	Xi; H36/38 H43	Skin Irrit.2, H315 Eye Irrit. 2, H319 Skin Sens. 1, H317 Stot SE3, H335	[2]

Það eru engin efni til viðbótar sem samkvæmt núverandi þekkingu birgis eru í þeim styrkleika að þau flokkist hættuleg heilsu eða umhverfi og þurfi þar með að greina frá hér.

#### Gerð

[1] Efni sem flokkað er hættulegt heilsu eða umhverfi.

[2] Efni sem hefur váhrifsmörk á vinnustað.

[3] Efni stenst mat á þrávirkni, uppsöfnun í lífverum og eiturhrif (PBT) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð EB nr 1907/2009.

[4] Efni stenst mat á mikilli þrávirkni og mikilli uppsöfnun efna (vPvB) samkvæmt XIII. viðauka í reglugerð 1907/2006 .

Vinnuverndarmörk, ef þau eiga við eru listuð upp í kafla 8.

### 4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálpi

#### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

**Almennt** : Ef einkenni eru viðvarandi eða vafi leikur á greiningu skal leita læknis. Aldrei skal gefa meðvitundarlausum aðila eitthvað um munn. Ef viðkomandi missir meðvitund skal setja hann í læsta hliðarlegu og leita læknis.

- Innöndun** : Færið í ferskt loft. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. Ef sjúklingurinn andar ekki, andar óreglulega eða fer í öndunarstopp skal þjálfað starfslíð veita öndunarhjálp eða gefa súrefni.
- Snerting við húð** : Fjarlægja skal mengaðan fatnað og skó. Þvoið húð vandlega með sápu og vatni eða notið viðurkennt húðhreinsiefni. Notið EKKI leysiefni eða þynna.
- Snerting við augu** : Athugið og fjarlægjið augnlinsur. Skolið umsvifalaust með rennandi vatni í a.m.k. 15 mínútur, haldið augnlokum opnum. Leitið umsvifalaust læknishjálpar.
- Inntaka** : Leitið lækniástoðar tafarlaust ef inntaka hefur átt sér stað og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. Haldið hita á viðkomandi og í hvíld. EKKI framkalla uppköst.
- Varnir þeirra sem veita fyrstu hjálp** : Enga aðgerð skal framkvæma sem felur í sér persónulega áhættu eða án þess að viðeigandi þjálfun hafi farið fram.

#### 4.2 Mikilvægustu einkenni og áhrif, bæði í bráð og síðbúin

##### Möguleg bráðahætta fyrir heilsu

- Snerting við augu** : Engin veruleg áhrif þekkt eða afgerandi hætta.
- Innöndun** : Engin veruleg áhrif þekkt eða afgerandi hætta.
- Snerting við húð** : Engin veruleg áhrif þekkt eða afgerandi hætta.
- Inntaka** : Engin veruleg áhrif þekkt eða afgerandi hætta.

##### Merki /einkenni váhrifa

- Snerting við augu** : Engar sérstakar upplýsingar.
- Innöndun** : Engar sérstakar upplýsingar.
- Snerting við húð** : Getur valdið ertingu og roða.
- Inntaka** : Engar sérstakar upplýsingar.

#### 4.3 Ábendingar um tafarlausu læknishjálp og sérstaka meðferð sem þörf er á

- Athugasemdir ætlaðar lækni** : Meðhöndlið í samræmi við einkenni. Hafið samband við sérfræðing í eiturefnum umsvifalaust ef mikið magn hefur verið tekið inn eða andað að sér.
- Sérstök meðhöndlun** : Engin sérstök meðferð.

---

## 5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

---

### 5.1 Slökkviefni

- Viðeigandi slökkviefni** : Alkóhólþolin froða, koldíoxíð, duft eða vatnsúði.
- Óhentug slökkviefni** : Sprautun með vatni.

**5.2 Sérstök hættu sem stafar af efni eða efnablöndu**

- Hættu sem stafar af efninu eða blöndunni** : Við eld eða hitun mun þrýstingur aukast og umbúðir geta opnast.
- Hættuleg niðurbrotsefni** : Niðurbrotsefni geta innihaldið: Kolmónoxíð, koldíoxíð.

**5.3 Ráðleggingar fyrir slökkvilið**

- Sérstakar varnar- aðgerðir fyrir slökkviliðsmenn** : Brjótist eldur út skal strax einangra svæðið og fjarlægja alla sem eru í nánd við svæðið. Ekki skal gera neitt sem er manni hættulegt eða hefur ekki verið þjálfað. Fjarlægið ílát frá svæðinu ef það er mögulegt án þess að skapa hættu. Gætið þess að rennsli frá slökkvistað komist ekki í niðurföll eða vatnsfarvegi.
- Sérstakur hlífðar- búnaður fyrir slökkviliðsmenn** : Slökkviliðsmenn skulu bera viðeigandi hlífðarbúnað og lofttengdan öndunarbúnað (SCBA) með lokaða andlitsgrímu sem stillt er á jákvæðan þrýsting. Klæðnaður slökkviliðsmanna ( þar með talið hjálmar, hlífðarsígvél og hanskar) skulu vera í samræmi við Evrópustaðal EN 469 og verður undirstöðubúnaður til að sinna efnaslysum.

---

**6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi**

---

**6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir**

- Ætlað starfsfólki sem vinnur ekki við neyðar- þjónustu** : Ekki gera neitt sem er manni hættulegt eða hefur ekki verið þjálfað. Metið umlykjandi svæði. Haldið óvörðu og óþörfu fólk frá. Snertið ekki eða gangið um efni sem hellst hefur niður.
- Fyrir bráðaliða** : Ef nauðsynlegt er að klæðast sérhönnuðum fatnaði til að eiga við lekann skal leita upplýsinga í lið 8 varðandi hentug og óhentug efni. Sjá einnig upplýsingar í lið 8 um frekari upplýsingar um varnaðaraðgerðir.

- 6.2 Varúðar- ráðstafanir vegna umhverfis** : Gætið þess að spilliefnin komist ekki í niðurföll eða vatnsfarvegi. Ef efnið kemst í niðurföll eða vatnsfarvegi skal hafa samband við viðeigandi yfirvöld.

- 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar** : Stöðvið leka án áhættu. Flytjið ílát burt frá mengunarsvæði. Komið í veg fyrir að efnið berist í fráveitur, vatnsrásir, kjallara og lokuð rými. Þvottavatn skal koma til aðila sem meðhöndlar útrennsli eða gera eftirfarandi: Hindrið útbreiðslu og hreinsið upp með óbrennandi ísogsefni t.d. sandi, jarðvegi, vermikúlíti eða kísilkúr sem síðan er fargað í samkvæmt gildandi reglugerðum. Mengað ísogsefni getur haft í för með sér sömu hættu og efnið sem helltist niður.

- 6.4 Tilvísun í aðra liði** : Sjá lið 1 til að fá upplýsingar um neyðarhjálp.  
Sjá lið 8 til að sjá upplýsingar um viðeigandi persónuhlífar.  
Sjá lið 13 til að fá frekari upplýsingar um meðferð úrgangs.

---

**7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla**

---

Þessi liður inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar.

- 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun** : Forðist snertingu við húð og augu. Forðist innöndun gufu eða sprautuúða. Að borða, drekka og reykja skal bannað á svæðum þar sem þetta efni er meðhöndlað, geymt eða unnið. Notið viðeigandi hlífðarbúnað (sjá lið 8). Geymið alltaf í íláti úr sama efni og upprunalega ílátið. Farið að lögum um öryggi og heilsufar á vinnustað. Má ekki tæma í niðurföll.
- 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. mögulega ósamrýmanleika** : Geymist í samræmi við lög og reglugerðir. **Athugasemdir varðandi samtímis geymslu.** Haldið frá: Oxandi efnum, sterkum lút, sterkum sýrum. **Frekari upplýsingar um geymsluaðstæður.** Farið eftir varúðarleiðbeiningum á umbúðamiða. Geymið á þurru, svölu og vel loftræstu svæði. Komið í veg fyrir óheimilaðan aðgang. Ílát sem hafa verið opnuð verður að loka vandlega og halda uppréttum til að koma í veg fyrir leka.
- 7.3 Sérstök notkun Ráðleggingar** : Ekki þekkt.
- Sérstakar ráðleggingar í iðnaði** : Ekki þekkt.

---

## 8. LIÐUR: Takmörkun váhrifa / persónuhlífar

---

Kaflinn inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar.

### 8.1 Viðmiðunarbreytur Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi

Hættumörk samkv. Reglugerð nr. 390/2009 . Engin efni með skráð hættumörk.

- Ráðlagðar verk-lagsreglur um vöktun** : Ef þessi vara inniheldur efni með viðmiðunarmörk fyrir váhrif getur verið nauðsynlegt að kanna með eftirliti á vinnustað hvort fullnægjandi loftræstibúnaður eða annars konar ráðstafanir séu til staðar og / eða hvort nauðsyn beri til að nota öndunargrímur. Vísa skal til Evrópustaðals EN 689 – Leiðbeiningar um mat á váhrifum við innöndun á efnasamböndum og gildandi leiðbeiningar um aðferðir til að greina hættuleg efni.

**Afleidd áhrifaleysismörk**  
Engin DNEL-gildi til staðar.

**Forskráður hrifstýrkur**  
Engin PNEC-gildi til staðar.

### 8.2 Váhrifavarnir

Viðeigandi stjórnækni : Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Notið staðbundna loftræstingu og almenna loftræstingu til að halda magni af gufu og ryki í lofti vel undir viðeigandi markgildum.

#### Persónulegar varnarráðstafanir

Hreinlætis-ráðstafanir : Þvoið hendur, handleggi og andlit vel eftir meðhöndlun efnavara, áður en fæðu eða drykks er neytt, fyrir reykingar, áður en farið er á snyrtingu og í lok vinnutíma. Beita skal viðeigandi aðferðum við að fjarlægja fatnað sem kann að hafa mengast. Þvoið fót sem mengast hafa af efninu fyrir næstu notkun. Tryggja skal að augnaskolunarstöðvar og öryggissturtur séu nálægt staðsetningu hverrar starfstöðvar.

Augn- og andlits-hlífar : Nota skal augnhlífar samkvæmt vottuðum staðli þegar hættumat bendir til að slíkt sé nauðsynlegt til að forðast að verða fyrir skvettum, loftúða eða ryki.

#### Húðvörn

Handavörn : Fyrir langvarandi eða endurtekna meðhöndlun skal nota eftirfarandi hanska: Hlífðarkrem (barrier creams) geta hjálpað við að vernda þann hluta húðarinnar sem kann að verða fyrir mengun en þau skal þó ekki nota ef efnið hefur þegar borist á húð.  
Til að velja hanska af réttri gerð með hliðsjón til efnaþols og gegndræpitíma er rétta að leita ráðgjafar hjá söluaðilum á efnaþolnum hönskum.  
Tryggja skal að endanlegt val á hönskum til að meðhöndla þessa vöru miðist við notkunaraðstæður og hættumat notanda.

Líkamsvörn : Hlífðarbúnað fyrir líkamann ætti að velja í samræmi við verkið framundan og hættuna sem fylgir meðhöndlun efnisins.

Aðrar hlífar fyrir húð : Velja skal viðeigandi skófatnað og hlífðarbúnað fyrir húðina samkvæmt því verkefni sem er fyrir höndum og þeirri áhættu sem það felur í sér.

Vörn fyrir öndunarfæri : Ef notendur verða fyrir hærri styrk efna en viðmiðunarmörk skal nota viðeigandi öndunarbúnað. Nota skal ferskloftsúnað í þröngum rýmum.

Takmörkun váhrifa fyrir umhverfið : Útlosun frá loftræstingu eða verkferlum ætti að yfirfara til að tryggja að hún sé í samræmi við lög um umhverfisvernd.

---

## 9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

---

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grundvallareiginleika

Form (fasi) : Vökvi  
Litur : Brúnn  
Lykt : Mjög lítil  
Lyktarþröskuldur : Ekki fyrirbyggjandi.  
pH : Um 9,2  
Bræðslu- /frostmark : Ekki fyrirbyggjandi.  
Upphafssuðumark og : Ekki fyrirbyggjandi.

suðumarksbil	
Blossamark	: Á ekki við.
Uppgufunarhraði	: Ekki fyrirbyggjandi.
Eldfimi( fast efni, lofttegund)	: Ekki fyrirbyggjandi.
Brunatími	: Ekki fyrirbyggjandi.
Brunahraði	: Ekki fyrirbyggjandi.
Efri / neðri bruna- og sprengimörk	: Ekki fyrirbyggjandi.
	: Ekki fyrirbyggjandi.
Gufuþrýstingur	: Ekki fyrirbyggjandi.
Eðlismassi gufu	
Eðlismassi	: 1,00 g/cm <sup>3</sup>
Leysanleiki	: Leysanlegt í eftirfarandi efnum: heitu og köldu vatni.
Deilistuðull: n-oktanól/ vatn	: Ekki fyrirbyggjandi.
Sjálfsíkveikjuhitastig	: Ekki fyrirbyggjandi.
Sundrunarhitastig	: Ekki fyrirbyggjandi.
Seigja	: Ekki fyrirbyggjandi.
Sprengifimi	: Ekki fyrirbyggjandi.
Oxunareiginleikar	: Ekki fyrirbyggjandi.

## 9.2 Aðrar upplýsingar

Engar frekari upplýsingar.

---

## 10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

---

- 10.1 Hvarfgirni** : Engar upplýsingar úr rannsóknum á hvarfgirni eru tiltækar fyrir þessa vöru eða innihaldsefni hennar.
- 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki** : Varan er stöðug.
- 10.3 Möguleiki á hættulegum efnahvörfum** : Við venjuleg geymslukilyrði og notkun eiga hættuleg efnahvörf ekki að eiga sér stað.
- 10.4 Aðstæður sem ber að forðast** : Engar sérstakar upplýsingar.
- 10.5 Ósamrýmanleg efni** : Sterk oxunarefni.
- 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni** : Við venjuleg geymslu- og notkunarskilyrði ættu hættuleg niðurbrotsefni ekki að myndast.

---

## 11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

---

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Engar upplýsingar eru fyrirliggjandi um vöruna sjálfa. Blandan hefur verið metin eftir hefðbundinni aðferð tilskipunar um hættuleg efni 1999/45/EB og flokkuð fyrir eiturefnafræðilega eiginleika til samræmis við það. Sjá nánar í liðum 2 og 15.

Endurtekin eða langvarandi snerting við blönduna getur valdið eyðingu náttúrulegrar fitu húðar sem leiðir til exems án ofnæmis og upptöku gegnum húð. Ef blandan slettist í augu getur það valdið afturkræfum skaða. Inntaka getur valdið ógleði, niðurgangi.

## 12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif

Vara/ heiti efnisþátta	Niðurstaða	Tegundir	Váhrif
Natrium salt af viðarolíu	Bráð LL50 20 mg/L Bráð EL50 560 mg/L	Fiskur Vatnafló	96 klst 48 klst

**Niðurstaða / samantekt:** Engin þekkt veruleg áhrif eða áhætta.

### 12.2 Þrávirkni og niðurbrotanleiki

**Niðurstaða / Samantekt :** Ekki fyrirliggjandi.

Vara/ heiti efnisþátta	Helmingunartími í vatni	Ljósrof	Lífrænt niðurbrot
Natrium salt af viðarolíu	-	-	Auðvelt

**12.3 Uppsöfnun í lífverum:** Ekki þekkt.

### 12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi

Ásogsstuðull fyrir jarðveg /vatn ( $K_{oc}$ ) : Ekki þekkt.

Hreyfanleiki : Ekki þekkt.

### 12.5 Niðurstöður PBT og vPvB mats

PBT : Á ekki við.

vPvB : Á ekki við.

**12.6 Önnur skaðleg áhrif:** Engin þekkt veruleg áhrif eða mikilvæg hættu.

## 13. LIÐUR: Förgun

Þessi liður inniheldur almennar ráðleggingar og leiðbeiningar.

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Hindrið að efnið komist í niðurföll eða vatnsfarvegi.

**Úrgangsskrá** : 08 01 12 Ef þessari vöru er blandað saman við annan úrgang getur verið að þessi  
**Evrópu (EWC)** kóði gildi ekki lengur. Frekari upplýsingar fást hjá eftirlitsaðlila á hverjum stað.

---

#### **14. LIÐUR : Upplýsingar um flutninga**

---

Flutningur efnis innan athafnasvæðis notanda: Varan skal ávallt flutt í lokuðum umbúðum sem standa uppréttar. Tryggja skal að þeir sem flytja vöruna viti hvernig bregðast skal við ef slys eða leki á sér stað.

Varan flokkast ekki hættuleg samkvæmt alþjóðlegum reglum ( ADR/RID, IMDG , ICAO/IATA ).

##### Alþjóðlegar reglugerðir um flutninga.

- 14.1 UN –númer** : Á ekki við  
**14.2 UN Sendingarheiti** : -  
**14.3 UN Hættuflokkar við flutninga** : -  
**14.4 Pökkunarflokkur** : -  
**14.5 Umhverfishætta** : Nei  
**14.6 Sérstakar varúðar-ráðstafanir fyrir notandann** : Ekki fyrirbyggjandi.

##### **Viðbótarupplýsingar**

**ADR/RID** : -

**14.7 Flutningar á lausum efnum samkv. Viðauka II við MARPOL 73/78 og IBC kóða** : Ekki fyrirbyggjandi.

---

#### **15. LIÐUR : Upplýsingar varðandi regluverk**

---

**15.1 Reglugerðir/löggjöf um öryggi, heilsu og umhverfi sem varða efnið eða efnablönduna sérstaklega ESB- reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH)**

**Viðauki XIV – List yfir efni sem eru háð leyfisveitingu**

**Efni sem þarfnast sérstakrar aðgæslu**

Engin efnispátta eru á skrá.

**Viðauki XVII – Takmarkanir á framleiðslu, markaðssetningu og notkun ákveðinna hættulegra efna og efnablandna** : Á ekki við

**15.2 Efnaöryggismat** : Ekki fyrirbyggjandi.

---

#### **16. LIÐUR : Aðrar upplýsingar**

---

**Skammstafanir og styttingar** : ATE = Bráð eituráhrif, áætluð.  
CPL = Reglugerð um flokkun, merkingu og pökkun [ Reglugerð (EB)

nr. 1272/2008].

DNEL = Afleidd áhrifaleysismörk.

EUH fullyrðing = CLP sérstök hættufullyrðing.

PNEC = Áætlaður efnastyrkur sem engin áhrif hefur.

RRN = REACH skráningarnúmer.

**Heildartexti styttra H setninga:**

- H315 Veldur húðertingu.
- H317 Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.
- H319 Veldur alvarlegri augnertingu.
- H335 Getur valdið ertingu í öndunarferum.

**Heildartexti flokkunar [CLP/GHS]**

SkinIrrit. 2, H315	HÚÐ-ÆTING/ERTING – Flokkur 2
Skin Sens. 1, H317	HÚÐNÆMING - Flokkur 1
Eye Irrit. 1, H319	ALVARLEGUR AUGNSKAÐI/AUGNERTING Flokkur 2
STOT SE 3, H335	SÉRTÆK EITURHRIF Á MARKLÍFFÆRI - Flokkur 3

**Heildarlisti yfir hættusetningar sem vísað er til í lið 2 og 3.**

- H36/38 – Ertir augu og húð.
- H 43 – Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.

**Heildartexti flokkunar (DSD/DPD)** : Xi

**Dagsetning útgáfu/ endurskoðunar** : 01.12.2015

**Dagsetning fyrri útgáfu** : Engin fyrri sannprófun.

Þetta öryggisblað er unnið í samræmi við reglugerð EB nr. 1907/2006

Vöruna skal ekki nota í öðrum tilgangi en þeim sem tilgreindur er í 1. hluta, án undangengins samráðs við framleiðanda og að fenginni skriflegri verklýsingu.

Þar sem aðstæður við notkun vörunnar eru utan umráða framleiðanda er notandi ábyrgur fyrir því að kröfum viðeigandi reglugerða sé fullnægt.

Upplýsingar í þessu öryggisblaði byggja á þeirri þekkingu sem til staðar er við útgáfu þess og þeim reglugerðum sem í gildi eru á útgáfudegi öryggisblaðsins. Öryggisblaðið veitir leiðbeiningar um þá þætti sem lúta að heilsufari, öryggi og umhverfi í tengslum við vöruna og ber að skoða í ljósi þess en ekki sem tryggingu fyrir gæðum vörunnar eða notagildi hennar við tiltekna aðstæður.